

91 svari eptir efnum og ástæðum, samkvæmt því sem hæfa þykir eptir árlegri 2. júlí. veltu og arði.

Út af þessu skal yður hjer með tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að hreppsnefndirnar eru alls ekki bundnar við að taka tillit til veltu og arðs að eins undanfarið ár, eins og verzlunarstjórinn álitur, heldur eiga þær að leggja á verulanirnar eptir gjaldþoli því, sem ætla má að þær hafi eptir stærð þeirra og venjulegum arði, eins og lagt er á einstaka menn eptir efnum og ástæðum yfir höfuð; þyki svo verzlunarstjóra of hátt lagt á, verður hann að fara sama veg og aðrir með kærur sínar, en þá er honum innanhandar að skýra frá síðasta árs veltu og arði til þess að hæflegt tillit verði til þess tekið.

92 Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um makaskipti a kirkjujörð 5. júlí. (ágrip).

Með brjefi þessu tilkynnti ráðgjafinn, að samkvæmt tillögum hans hefði hans hátign konunginum 2. dag júlímán. allramildilegast þóknast að samþykkja að makaskipta mætti jörðinni Bakkakoti í Andakíl í Borgarfjarðarprófastsdæmi gegn jörðinni Grímastöðum eða Grímarstöðum í sama hreppi, þannig að hin fyrnefnda jörð verði eptirleidis skoðuð sem bændaeygn að því er alla afgjaldsskyldu snertir, en hin síðarnefnda verði sett jafnhliða öðrum kirkjueignum.

93
16. júlí.

Samþykkt

um ýmisleg atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum.

Sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu hefir samkvæmt lögum nr. 13, 13. apríl 1894, gjört og hjeraðsfundur þar fallizt á eptirritaða

samþykkt

um ýmisleg atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Lundi skal algjörlega friðaður á Heimalandi um hvern tíma árs sem er, en í úteyjum öllum, — þar með talinn Heimaklettur, Miðklettur og Yztiklettur,— að undanteknum Smáeyjum, Brandi, Hellisey, Súlnaskeri og Geldungnum, allt árið, nema frá því 11 vikur eru af sumri og þangað til fullar 15 vikur eru af sumri. Háfa má nota til veiða, en engin önnur veiðarfæri.

2. gr.

Svartfugl má eigi veiða á sjóflánum. Sameign hver veiðir fyrir sig svartfugl í bergi með snörum, en háfar skulu alls ekki notaðir til svartfuglaveiði annarsstaðar en uppi í grasi fyrir ofan brúuir. Fuglanet skulu með öllu aflögð. Eigi má gjöreýða fuglinum á neinu bæli. Svartfugl, hvorki ungan nje gamlan, má taka í Súlnaskeri.

3. gr.

Þegar eigi er veiðiveður, en legið er við til fuglaveiða, skulu veiðimenn

í hverri útey gjöra nýjar lundaholur, 6—8 þumlunga djúpar, og taka gras og arfa úr gömlum holudyrum. **93**
16. júlí.

4. gr.

Hver sameign — og sjereign einnig — skal í byrjun veiðitímans ár hvert kjósa úr flokki veiðimanna umsjónarmann fyrir hverja útey, er sjái um, að samþykkt þessari sje í öllum greinum rækilega hlýtt. Að launum skal umsjónarmaður sá, er kosinn er fyrir hverja útey fá 1 fugl af óskiptu af hverjum 200, sem veiðast um veiðitímann í þeirri útey.

5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 5 til 100 króna, er falli hálfar til sveitarsjóðs, en hálfar til þess manns, er kemur brotinu upp.

Skrifstofu Vestmannaeyjasýslu, 9. júní 1895.

Jón Magnússon.

*

*

*

Framanrituð samþykkt er hjer með staðfest til þess að öðlast gildi 1. október 1895.

Skrifstofu Suðuramtsins, 16. júlí 1895.

J. Havsteen.

Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um talning á holdsveikum og skýrslur um sjúkdóminn. — Samkvæmt fyrirmælum ráðgjafans fyrir Ísland skal jeg hjermed þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir alla hjeraðslækna í ömtum yðar og aukalækna, er styrk hafa af opinberu fje, að byrja svo fljótt, sem audið er, á fullkominni og nákvæmri talning á öllum holdsveikum, sem í hjeröðum þeirra eru, og halda talning þessari smámsaman áfram með rannsókn á hverju einasta heimili í hjeraði hverju, jafnóðum og sjúkravitjanir og embættisferðir gefa tækifæri til þess. Rannsókninni og talningunni á að vera lokið fyrir 1. júlí 1898, og eptir það á hver læknir innan mánaðar að senda landlækni skrá yfir alla holdsveika í hjeraði hans eða umdæmi, og á í þeirri skrá að skýra frá aldri hinna sjúku, bústað þeirra, kjörum þeirra, tegund sjúkdómsins og stigi o. s. frv., allt eptir eyðublaði, sem samið verður af landlækni, og útbýtt til læknanna innan skamms. **94**
23. júlí.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um lántökuleyfi banda amtsráði (Ágrip). — Með brjefi þessu samþykkti landshöfðingi, að amtsráð Suðuramtsins tæki 4500 kr. lán, til þess að standast kostnað við búnaðarskólahaldið á Hvanneyri. **95**
24. júlí.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Árnessýslu um reglur fyrir umferð um brúna á Þjorsá hjá Þjótanda og um gæzlu brúarinnar fyrst um sinn. — Jafnframt því að senda yður hjer með, herra sýslumaður, nokkur eintök af reglum fyrir **96**
25. júlí.